

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „5.576“ í 2. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 5.738.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2005 vegna tekna ársins 2004.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 2,9% eða 162 kr. og nemi 5.738 kr. á hvern gjaldanda í stað 5.576 kr. samkvæmt gildandi lögum. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga, en gert er ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 2,9% frá meðalverði ársins 2004 til meðalverðs ársins 2005.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstakt gjald sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og rennur í Framkvæmdasjóð aldraðra skuli nema 5.738 kr. á hvern gjaldanda í stað 5.576 kr. í gildandi lögum. Hækkun á hvern gjaldanda nemur 162 kr., eða 2,9%. Á árinu 2005 er gert ráð fyrir að gjaldendur verði 164.500 og því hækka tekjur sjóðsins um 24 m.kr. og verða 928 m.kr. á greiðslugrunni verði frumvarpið að lögum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir þeirri hækkun.